



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SJÓMANNADAGURINN Á PATREKSFIRÐI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur í dag, sunnudaginn 5. júní, þátt í hátíðarhöldum í tilefni sjómannadagsins á Patreksfirði. Forseti verður fyrir hádegi viðstaddur þegar blóm verða lögð að minnisvarða um látna sjómenn og sækir sjómannadagsmessu í Patreksfjarðarkirkju.

Þá mun forseti flytja hátíðarræðu dagsins á útisamkomu sem hefst klukkan 14:00. Í henni fjallar forseti um mikilvægi sjósóknar, sjávarútvegs og fiskvinnslu fyrir íslenskt samfélag sem og hetjudáðir við björgun úr sjávarháska undan vestfirskum ströndum. Þá mun forseti víkja að nauðsyn þess að sátt ríki um skipulag fiskveiða og fiskvinnslu og að stjórnskipulag þeirra mála efli hag sjávarbyggða og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Að lokinni útihátíðinni mun forseti sitja kaffisamsæti á vegum Kvenfélagsins Sifjar í Félagsheimili Patreksfjarðar.

5. júní 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).